Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

# FORVARNARDAGUR

Föstudaginn 15. september klukkan 11.00 verður haldinn blaðamannafundur á Bessastöðum til að kynna **forvarnardag** sem haldinn verður í öllum grunnskólum landsins 28. september. Í þeirri viku verða einnig send skilaboð inn á öll heimili í landinu.

Á blaðamannafundinum verða Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Reykjavíkur og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ólafur Rafnsson forseti Íþrótta- og ólympíusambands Íslands, Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi, Björn Jónsson formaður Ungmennafélags Íslands, Róbert Wessman forstjóri lyfjafyrirtækisins Actavis, Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands, Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor Háskólans í Reykjavík og Þórólfur Þórlindsson prófessor.

Auk þeirra mun hópur barna úr 9. bekk grunnskóla verða á blaðamannafundinum.

*12. september 2006*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Elín Þ. Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri (690 0350)*